



# SKÝRSLA

SKÓLAPINGS SVEITARFÉLAGA  
2021/2022

SVANDÍS INGIMUNDARDÓTTIR

## Inngangur

Árið 2021 voru 25 ár liðin frá því allur rekstur grunnskóla var færður frá ríki til sveitarfélaga. Um er að ræða umfangsmesta yfirfærsluverkefni til þessa en rekstur grunnskóla er stærsti einstaki rekstrarliður hvers sveitarfélags. Á þessum aldarfjórðungi hefur skólasterfi og skólaþróun fleygt fram og margháttuð framfaraskref verið stigin en jafnframt er ýmislegt sem enn má bæta til að efla menntun, auka jafnræði barna um land allt til náms og jafna kennsluaðstæður. Ákveðið var að [dagskrá Skólalæðings sveitarfélaga](#) bæri þessum tímamótum merki en jafnframt yrði lögð áhersla að horfa fram á vinnu til næstu 25 ára og framhalda umræðunni frá [skólalæðingunni 2019](#).

## Undirbúningshópur skólalæðings

Ákveðið var að setja á fót undirbúningshóp valinna aðila sem í átta sæti Gerður G. Óskarsdóttir f.h. Samtaka áhugafólks um skólaþróun, Guðni Olgeirsson frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu, síðar mennta- og barnamálaráðuneyti, Ríkey Sigurbjörnsdóttir f.h. Grunns, félags stjórnenda á fræðsluskrifstofum og Guðmundur Ari Sigurjónsson, f.h. stjórnar sambandsins. Starf undirbúningshópsins leiddu þau Svandís Ingimundardóttir og Þórður Kristjánsson starfsmenn sambandsins. Er undirbúningshópnum þakkað kærlega fyrir þeirra góða framlag til dagskrárgerðar skólalæðingsins.

Til stóð að halda staðbundið skólalæðing 8. nóvember 2021 en sökum Covid-19 þurfti með skömmum fyrirvara að fresta þinginu og þess freistað að halda það 21. febrúar 2022 með því sniði. Þar sem sóttvarnartakmörkunum hafði enn ekki verið aflétt að fullu var gripið til þess ráðs að halda þingið rafrænt. Var því skipt upp í fimm dagskrárhlyta með fjórum málstofum sem fram fóru á tímabilinu frá 21. febrúar til 21. mars. Það jákvæða við slíkt fyrirkomulag er að fullt jafnræði ríkir í aðgengi og engar landfræðilegar hindranir eru fyrir þátttöku. Þá gátu skólalæðingsgestir sótt allar málstofur, því þær dreifðust á fjóra daga, en þurftu ekki að velja á milli þeirra. Engu að síður kemur ekkert í stað þess að hittast í raunheimum og taka umræðu augliti til auglitis. Þó gera megi ráð fyrir að í kjölfar Covid-19 eigi fyrirkomulag ráðstefnuhalds eftir að breytast mikið þá stefnum við að því að næsta skólalæðing, sem haldið verður 2023, verði bæði staðbundið og því streymt.

## Viljayfirlýsing



Þann 8. nóvember fór þó engu að síður fram merk [undirritun viljayfirlýsingar](#) þriggja ráðherra auk formanns stjórnar sambandsins. Í henni var lýst yfir vilja til samstarfs um úttekt á þróun grunnskólans og þjónustu við börn á s.l. aldarfjórðungi í því skyni að geta nýtt þá reynslu og þekkingu við innleiðingu nýrrar menntastefnu til 2030, nýrra laga um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna og vegna aðgerða í byggðaáætlun sem lúta að því að tryggja jöfnuð til þjónustu óháð búsetu. Undir yfirlýsinguna skrifuðu Aldís Hafsteinsdóttir, formaður stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, Ásmundur Einar Daðason þáv. félags- og barnamálaráðherra, Lilja Dögg Alfreðsdóttir, þáv. mennta- og menningarmálaráðherra og Sigurður Ingi Jóhannsson, þáv. samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra. Skemmst er frá því að segja að vinna á grundvelli viljayfirlýsingarinnar fór fljótlega af stað og er fyrsta hluta hennar lokið. Þar vann sérfræðingahópur við Háskólann á Akureyri, sem lengi hefur rannsakað þróun skólaþjónustu sveitarfélaga, skýrslu um hlutverk og skipulag skólaþjónustu í innleiðingu laga um [samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna](#). Ljóst er að þær ábendingar og tillögur sem þar koma fram munu gagnast með þeim hætti sem lagt var upp með og hefur skýrslunni verið komið til þeirra sem leiða innleiðingu farsældarlaga og menntastefnu. Næsti hluti úttektarinnar er að hefjast en hann lýtur að því að greina þróun kostnaðar við rekstur grunnskólans þessi 25 ár og hvað megi af henni megi læra til hagnýtingar inn í fyrirnefnd innleiðingarferli. Samið hefur verið við HLH-ráðgjöf í því skyni og gert ráð fyrir að þeir skili af sér niðurstöðum í sumar.

## Viðtöl

Í aðdraganda skólaþingsins voru tekin viðtöl við fjórar lykilpersónur sem komu að undirbúningi og framkvæmd yfirfærslu grunnskólans á sínum tíma. Það voru þau [Björn Bjarnason](#), fv. menntamálaráðherra, [Gerður G. Óskarsdóttir](#), fv. fræðslustjóra, [Karl Björnsson](#) fv. bæjarstjóra og [Guðrún Ebba Ólafsdóttir](#), fv. formaður Félags grunnskólakennara. Þau voru beðin um að bregðast við spurningunni “Hvar stóðu ríkið og sveitarfélögin sig best og hvar hefði mátt standa betur að yfirfærslu grunnskólans til sveitarfélaga 1996, undirbúningi – framkvæmd – og það sem á eftir kom?” Sambandið þakkar þeim kærlega fyrir áhugaverð viðbrögð og nálgun á viðfangsefnið.



Gerður G. Óskarsd.




Björn Bjarnason



Guðrún Ebba Ólafsdóttir



Karl Björnsson



Skjáskot frá fyrsta hluta Skólaþings en þar flutti Jón Torfi Jónasson erindi sem hann nefndi „Á íslenska skólakerfið sér framtíð? Reynsla, samtal og bjartsýni“.

### Tónlist

Sambandið óskaði eftir því við fjóra tónlistarskóla á landsbyggðinni að senda inn upptökur af tónlistarflutningi nemenda og lífga þannig upp á dagskránnu. Brugðust þeir bæði hratt og vel við þeirri beiðni. Það voru tónlistarskólarnir á Reykjanesi, Ísafirði, Akureyri og Akranesi og færur við þeim kærar þakkir fyrir. Hægt er að hlýða á atriði þessa upprennandi tónlistarfólks á [vefsvæðinu](#).


### Dagskrá

Dagskrá skólaþingsins var einstaklega áhugaverð og fjölbreytt þar sem bæði var litið í baksýnispegilinn, staðan tekin í dag en þó fyrst og fremst horft til framtíðar. Hægt er að hlusta á hvern fyrirlestur með því að smella á hann [í dagskránni](#). Þá fór einnig fram [panelumræða pólitíkusa](#) (stjórnámálanna) frá ríki og sveitarfélögum, sem bera ábyrgð á stefnumótun og rekstri skólanna. Þeir fengu til umfjöllunar fjórar klípusögur af vettvangi. Þátttakendur voru þau Aldís Hafsteinsdóttir, formaður stjórnar sambandsins, Ásmundur Einar Daðason, mennta- og barnamálaráðherra, Bryndís Haraldsdóttir, formaður allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis og Skúli Helgason formaður skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur. Þau sem fluttu og fylgdu eftir klípusögunum voru Arnar Ævarsson, framkvæmdastjóri Heimilis og skóla, Þórunn Rósa Ólafsdóttir, skólastjóri Rimaskóla, Sigtryggur Máni Guðmundsson f.h. ungmennaráðs Umboðsmanns barna og Ástrún Jakobsdóttir, grunnskólakennari á Ísafirði og eru þeim færðar þakkir fyrir. Það var einstaklega jákvætt að heyra hversu mikinn samhljóm mátti finna í viðbrögðum þeirra við klípusögunum og gegnumsneitt lögðu þau öll áherslu á að skólakerfið þyrfti að koma til móts við einstaklingsbundinn áhuga og þarfir nemenda eins og mögulegt væri og sníða námið að þeim snemma í ferlinu svo þeir gætu blómstrað á eigin verðleikum og fengið að rækta hæfileika sína til framtíðar. Til þess þyrfti jafnframt að auka fjölbreytni í hópi fagfólks inni í skólunum til þess að auka stuðning og leiðsögn við nemendur og kennara. Þau voru jafnframt sammála um að ný löggjöf um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna sem og ný menntastefna muni verði til þess að efla þetta vinnulag m.a. með snemmtækum stuðningi og öflugri skólaþjónustu.

Lokaerindi á síðari degi skólaþingsins fjallaði um [skólaþjónustu sveitarfélaga í nútíð og framtíð](#) og í kjölfar þess hófst fyrsta málstofan undir heitinu [Skólaþjónusta í nútíð og framtíð](#).

### **Þakkir og næstu skref**

Sambandið vill færa öllu því áhugasama og öflugra fólki sem, með einum eða öðrum hætti, lagði sitt af mörkum, bæði í dagskrá og við framkvæmd þingsins, kærar þakkir. Þá er þátttakendum á skólaþingi og á málstofum þökkúð þeirra mikilvæga aðkoma og innlegg í áframhaldandi umræðu. Hér eftir sem hingað til mun sambandið hagnýta afrakstur skólaþingsins m.a. við undirbúning og vinnu við stefnumörkun næstu fjögurra ára, í starfi nefnda og starfshópa þar sem sambandið á fulltrúa og þar sem tækifæri gefast hverju sinni.



*Skjáskot frá málstofu C: Framtíðarskólinn vinnustofa, sem haldin var 14. mars. Ingvi Hrannar Ómarsson stýrði málstofunni.*

## Málstofa A – Skólaþjónusta í nútíð og framtíð- spurningar og umræður

„Við þurfum að koma okkur út úr kössunum og ná flæði í samtalið og vinnuna“

Í þessari málstofu voru haldin áhugaverð erindi um [stöðu mála í sveitarfélögum þar sem ekki er formleg skólaskrifstofa](#), um verkefnið [Velferðarnet Suðurnesja](#) sem heyrir undir aðgerð A.4 í byggðaáætlun og að lokum hvert [framtíðarhlutverk Menntamálastofununar](#) geti orðið til þess að efla skólaþjónustu á landsvísu á komandi misserum í tengslum við nýja menntastefnu og farsældarlög. Að þeim loknum hófust umræður með spurningum frá þátttakendum. Svandís Ingimundardóttir stýrði málstofunni.

„Ef menntun og velferð er sitt hvort hliðin á sama peningnum er þá rétt að sveitarfélögin sameini skóla- og velferðarþjónustu í þágu barna?“ Sérfræðingar við HA töldu að samþætta ætti þjónustuna frekar en að sameina, því þarna þurfi að ganga í sama takti. Þeir lýstu ákveðnum áhyggjum af því að skólaþjónustan gæti orðið undir með sameiningu. Það er ekki alltaf hægt að rekja vandkvæðin til nemandans sjálfs því það getur allt eins átt rætur að rekja til skóla- eða félagslegs umhverfis og því mikilvægt að greina það sem er hamlandi og þar kemur skólaþjónustan og kennsluráðgjöfin sterk inn. Mikilvægt er að allir þjónustuaðilar sem að barninu koma vinni að lausn með skólanum/heimilinu í teymisvinnu. Öll þjónustukerfin geti haft frumkvæði og varast þarf að eitt þjónustukerfi leiði því þau eru öll jafn mikilvæg. Menntun og velferð geta ekki verið án hvors annars og það þarf að tryggja það á landsvísu að jafnræði ríki í aðgengi að þjónustu.

„Hvað þarf að koma til svo MMS geti sinnt því miðlæga ráðgjafar- og stuðningshlutverki sem forstjórinn lýsti í erindi sínu?“

Menntunin hefur liðið fyrir það að vera sinnt af tveimur stjórnsýslustigum. Skilgreina þarf með skýrari hætti aðkomu svf. að stjórnun MMS og kennararáðs. Það þarf meira sjálfstæði stofnunarinnar og hún þarf að verða leiðandi í starfsþróun og faglegu starfi kennara og það hlutverk þarf að skilgreina með skýrari hætti í reglugerð um MMS. Það þarf betri samfellu í starfi stofnunarinnar þvert á skólastigin.

„Hvernig tengist Velferðarnet Suðurnesja starfinu með börnum í leik-, grunn- og framhaldsskólum?“ Fyrst og fremst í gegnum verkefni starfsfólks, samtal og upplýsingamiðlun, tengslanet á milli fagaðila er útfært og enn nánara samstarf skilgreint á milli fagstétta og þjónustukerfa. Þau styrkja hvert annað í þágu barnanna því við þurfum á hvert öðru að halda í þessu skyni. Nauðsynlegt er að víkka út sjóndeildarhringinn og treysta sér til þess að horfa bæði þröngt á einstaklingsþarfir og þjónustu en jafnframt vítt, þ.e. á umhverfið og heildina líka. Það er horft til barnanna en ekki þjónustubáttanna þegar verið er að þjónusta börn. Skólarnir eru þar í lykिलhlutverki og þar er púlsinn. Það hafa verið settar fram 7 aðgerðir í nýsköpunaráætlun Velferðarnetsins og þar af eru 5 sem miðast við aðgerðir á vettvangi skólana.

Þá var einnig rætt um þátt foreldra og að gera þyrfti skólaþjónustuna og möguleika foreldra til leiðsagnar sýnilegri. Skólaþjónustan hefur einnig mikilvægu ráðgjafar – og handleiðsluhlutverki skólaþjónustunnar að gegna gagnvart kennurum og öðru starfsfólki skóla en mál manna var að ekki hefði verið lögð næg rækt við það. Í því samhengi væri fagleg samsetning mannauðsins bæði í skóla- og félagsþjónustunni grundvallaratriði svo þeir geti sinnt því mikilvæga.

Í lok umræðunnar var rætt um mikilvægi þess að skoða sérstaklega stuðning við fjöltyngda nemendur út frá fleiri sjónarhornum en nú væri gert og mikilvægt að það þróist þekking innan skólanna um íslenskukennslu og fjölmennningarlegt skólastarf. Lykilatriði í því skyni væri að gefa út heildstætt námsefni fyrir nemendur.

Það var alveg skýrt í hugum þátttakenda að hér væri að hefjast löng vegferð í því skyni að endurhugsa og endurhanna samhæft og samþætt þjónustukerfi í þágu barna. Til þess þyrfti að gefa góðan tíma til ígrundunar og undirbúnings. Við mættum ekki halda af stað í þennan leiðangur með „gamla íslenska laginu“ og gera ráð fyrir því að hér væri hægt að innleiða nýja starfsháttamenningu með hraði.

Málstofustjóri var Svandís Ingimundardóttir

## Málstofa B – Fjármögnun til framtíðar

„Það er úr vöndu að ráða“

Í málstofu um fjármögnun til framtíðar var sjónum beint að ráðstöfun fjármuna vegna reksturs grunnskóla fyrir alla og ástæðum þess að endurskoða ætti þá hugmyndafræði sem legið hefur til grundvallar rekstrarforsendum lengi vel. [Fyrsta erindið](#) fluttu þau Ragnar Þorsteinsson og Dagný Hauksdóttir og greindu frá umfangsmikilli vinnu sem átt hefur sér stað í framhaldi af úttekt Evrópumíðstöðvar um skóla fyrir alla í samstarfi menntamálaráðuneytis og 13 sveitarfélaga. [Í næsta erindi](#) sagði Helgi Grímsson frá Eddu, nýju úthlutunarlíkani vegna reksturs grunnskóla borgarinnar og tekur við af líkani sem hefur verið við lýði sl. 20 ár. Það tekur mið af menntastefnu borgarinnar til 2030 og meðal nýjunga er að gera ráð fyrir stöðugildi rekstrarstjóra í skólum og líta til lýðfræðilegra breyta við útdeilingu fjármagns í því skyni að auka jafnræði milli skóla og hverfa. [Lokaerindi](#) þessarar málstofu flutti Róbert Ragnarsson og sagði frá skólalíkaninu *Vandráði*, sem ætlað er að auðvelda áætlanagerð við úthlutun fjármagns til reksturs skóla sem grundvallast á virku samtali milli skólastjórnenda og fræðsluyfirvalda eða fjármálastjórnar sveitarfélags.

Málstofustjóri var Kjartan Már Kjartansson

## Málstofa C – Vinnustofa um framtíðarskólann ([glæsur](#))

„If you want this why do you do that?“

Þessi málstofa var sett upp með öðru sniði en hinar þrjár. Engin innlegg voru frá fyrirlesurum heldur byggði hún á virkni þátttakenda. *Ingví Hrannar Ómarsson, sérfræðingur í mennta- og barnamálaráðuneytinu, stýrði vinnustofunni og fylgdi eftir erindi sínu frá fyrsta degi skólaþingsins sem bar heitið 2046, þegar hann horfði 25 ár fram í tímann og velti fyrir sér stöðu menntakerfisins þá. Þátttakendur voru virkjaðir með aðstoð slido, þeir beðnir um að skilgreina markmið menntunar og tjá sig um væntingar til þess skólakerfis sem þeir vildu sjá til framtíðar. Ingví Hrannar beindi tilteknum spurningum til þátttakenda.*

*Hvert er raunverulegt markmið menntunar var fyrsta spurning Ingva Hrannars til þátttakenda og [ekki stóð á svörum](#): „... ef einstaklingur hefur öðlast getuna til þess að beita gagnrýnni hugsun, getur tekist á við fjölbreytt verkefni og skapað virði til framtíðar bæði fyrir sjálfan sig og samfélagið“, var eitt þeirra. Aðrar spurningar voru ekki minni að vigt: *Hver er tilgangur skóla? Hver er mælikvarðinn á að þú hafir fengið góða menntun þegar þú er 25 ára? Ef leikskóli væri til 7 ára og enn meiri áhersla væri á leik? Hvað myndi breytast ef Ísland yrði efst á PISA 2030, hverjar gætu aukaverkanirnar orðið? Hvað myndi breytast ef öll börn, 4-18 ára, myndu læra tónlist, myndlist, leiklist og dans í hverri viku? „Ísland með bestu ungmenni í heimi árið 2046“ Hvað stæði í frétt með þessari fyrirsögn? Þessum spurningum og fleiri svöruðu þátttakendur í vinnustofunni um skóla framtíðarinnar og [svörin](#) voru svo sannarlega áhugaverð. Eflaust ættu mörg þeirra heima í næstu stefnumörkun sveitarfélaga í skóla- og fræðslumálum. Ingví Hrannar vitnaði til [Alfie Kohn](#) í erindi**

sínu sem spurði þeirrar einföldu spurningar: „If you want this, why do you do that?“ en þó einföld sé þá eru svörin við henni eitt það mikilvægasta fyrir skólaþróun og ættu að varða leiðina áfram.

## Málstofa D – Starfsþróun sem styður við skóla framtíðar

„Lærum hvert af öðru“

Lokamálstofa Skólalþings sveitarfélaga að þessu sinni snerist um starfsþróun. Þar fjallaði Ingileif Ástvaldsdóttir um [starfsþróun með jafningafræðslu](#), Hildur Jóhannesdóttir sagði frá [starfendarannsóknnum í Dalskóla](#), Anna María Gunnarsdóttir greindi frá hugmyndum um að koma á [starfsþróunarvegabréfi kennara](#) og loks flutti Björk Óttarsdóttir erindi um [framτίðarsýn um fjármögnun starfsþróunar](#). Að málstofum loknum hófust umræður með spurningum frá þátttakendum. Þar var m.a. spurt um hlutverk og verkefni samstarfsráðs um starfsþróun kennara og stjórnenda sem heyra nú undir nýtt kennararáð að einhverju leyti. Forveri samstarfsráðsins, þáverandi fagráð, skilaði skýrslu 2013 og aftur var skilað tillögum í skýrslu árin 2016 og 2019. Spurt var hver væri staða þessara mála í dag. Því var svarað til að nýtt kennararáð hefði því miður ekki fengið það skýra hlutverk sem samstarfsráðið hafði áður og tillögur þess stóðu til og væri það miður. Lögð var áhersla á það í umræðum að miklu máli skipti að hafa þennan faglega samráðsvettvang virkan og þörf á að endurvefja hann úr því hann var ekki virkjaður sem skyldi í nýjum lögum um menntun, hæfni og ráðningu. Það væri vettvangurinn sem gæti tekið umræðuna um fjármögnun sjóðanna og tillögur til breytinga á grundvelli faglegra forsendna.

*Málstofustjóri var Hulda Dögg Proppé.*